

BRÚÐKAUPSBLAÐ SUITUP REYKJAVÍK

Sumar '26



AÐ VELJA BRÚÐKAUPSFÖT

Þegar kemur að því að ákveða fatnað brúðgumans er að ýmsu að huga. Þar má til dæmis nefna persónuleika, formlegheit athafnarinnar og staðsetningu brúðkaupsins. Fyrsta spurningin sem við spyrjum oftast er þessi - jakkaföt eða smóking?

JAKKAFÖT

Hin klassísku jakkaföt eru án efa sá klæðnaður sem flestir kjósa fyrir stóra daginn. Allt frá formlegum svörtum eða miðnæturláum jakkafötum yfir í ljós hörföt ef loftslagið kallar á slíkt yfir í gróf efni í jarðlitum fyrir afslappað sveitabruðkaup.

Í mörgum tilfellum eru brúðkaupsfötin hugsuð sem spariföt brúðgumans næstu ár og því henta dökk og látlaus föt vel enda virka þau fyrir nánast hvaða tilefni sem er.

Í öðrum tilfellum er athöfnin fyrst og fremst hugsuð sem gott party og þá er oft vinsælt að velja einstök jakkaföt sem skera sig út úr fjöldanum. Óhefðbundnir litir og skemmtileg mynstur koma þar sterk inn.

Á næstu blaðsíðum förum við yfir helstu liti og áherslur í sumarlínunni okkar og nokkur dæmi um slík föt.

SMÓKING

Undanfarin ár hefur smókinginn orðið sí vinsælli enda ótrúlega klassískur og formlegur klæðnaður. Smóking er yfirleitt svartur eða miðnæturlár og einkennist einna helst af satínklæddum boðungum og hnöppum, auk þess sem hann er yfirleitt paraður með slaufu í stíl. Að lokum eru klassískir lakkskór nauðsynlegir til að fullkomna útlitið.

Einnig hefur verið vinsælt að skipta jafnvel klassíska smókingjakkanum út fyrir litríkan flauelsjakka þegar líður á kvöldið.

Smókinginn er sérstaklega vinsæll meðal karlmannna sem ganga í jakkafötum daglega og vilja kjósa eitthvað ennþá formlegra fyrir brúðkaupsdaginn sjálfan.

LJÓSIÐ TÓNAR

Síðustu ár hafa ljós jakkaföt verið einstaklega vinsæl fyrir sumarbrúðkaup, hvort sem þau eru haldin á Íslandi eða erlendis. Létt ullarefni eða blanda af ull, silki og hörri verða oftast fyrir valinu.



6055

Ull/silki/hör/elastane frá Loro Piana, Ítalíu
179.995 kr.



6058

Ull/silki/hör/elastane frá Loro Piana, Ítalíu
179.995 kr.



6066

Ull/hör/elastane frá Paulo Oliveira, Portúgal
149.995 kr.



6064

100% ull frá Carlo Barbera, Ítalíu
149.995 kr.

JARÐTÓNAR

Fyrir þá sem vilja klæðast óhefðbundnari litum eru jarðtónar á borð við grænan, brúnan og jafnvel vínrauðan frábær kostur. Þeir henta sérstaklega vel fyrir veislur sem eru ekki of hátíðlegar eins og til dæmis sveitabréðkaup.



6069

Polyester/ull/hör/elastane frá Paulo Oliveira, Portúgal
149.995 kr.



6080

Ull/silki/hör/elastane frá Loro Piana, Ítalíu
179.995 kr.



6071

100% ull frá Drago, Ítalíu
159.995 kr.



6065

Ull og elastane frá Carlo Barbera, Ítalíu
149.995 kr.

BLÁIR TÓNAR

Vinsælasti liturinn á hverju ári og ekki að ástæðulausu. Klassísk, blá jakkaföt er eitthvað sem nýtist vel við öll tilefni og henta vel ef ætlunin er að nýta brúðkaupsfötin sem klassísk spariföt áfram.



6075

100% ull frá Loro Piana, Ítalíu
179.995 kr.



6088

100% ull frá Drago, Ítalíu
159.995 kr.



6085

Ull/silki/hör frá Loro Piana, Ítalíu
179.995 kr.



6087

Ull/silki/hör/elastane frá Loro Piana, Ítalíu
179.995 kr.

SMÓKING

Síðustu ár höfum við séð gríðarlega aukningu í því að karlmenn kjósi að klæðast smóking á stóra deginum og fögnum við því. Vinsælustu efnin okkar fyrir klassískan smóking eru blöndur af ull og mohair frá Vitale Barberis Canonico. Mohair er hár af Angora geitum sem finnast víða um heiminn en Vitale Barberis kaupa eingöngu hágæða mohair frá Suður Afríku.

Þegar mohair þræðirnir eru ofnir saman við Áströlsku Merino ullina er niðurstaðan einstakt efni með fallegan gljáa, mjúka áferð og eiginleika sem henta fullkomlega í klassíska flík eins og smóking.

Einnig hefur verið vinsælt að klæðast svokölluðum kvöldjakka (e. dinner jacket) en hann kemur í stað klassíska smókingjakkans en allt annað helst óbreytt. Þeir geta í raun verið í hvaða lit sem er en algengast er að litur og/eða áferð þeirra sé ólík svörtu smóking buxunum. Slétt flauel verður oftast ekki fyrir valinu en einnig er mikið um að menn kjósi ljós efni með áhugaverðri áferð, líkt og Breska bambusefnið hér að neðan.

Hvor leiðin sem er valin þá er smókingsskyrta með hnöppum, lakkskór og sjálfhnýtt svört silkislaufa staðalbúnaður til að fullkomna útlitið.



TUX003

Ull/mohair frá VBC, Ítalíu
169.995 kr.



EVE012

100% bambus frá Huddersfield, UK
124.995 kr. (Jakki)



9096

100% bómull frá Pontoglio, Ítalíu
119.995 kr. (Jakki)

AUKAHLUTIR

Þegar jakkafötin eru klár þarf að huga að öllu hinu. Valið á því ræðst að sjálfsgöðu af jakkafötunum sjálfum en hér að neðan förum við yfir það helsta sem þarf að hafa í huga til að fullkomna útlitið.

SKYRTUR

Við falleg, sérsaumuð brúðkaupsföt mælum við án vafa með klassískri og fallegri spariskyrtu. Nær undantekningalaust mælum við með því að hafa skyrtuna hvíta og stílhreina án nokkurra stæla. Sérsaumuðu skyrturnar okkar kosta frá 24.995 krónum.

BINDI

Í langflestum tilfellum mælum við með því að fullkomna útlitið með fallegu bindi. Silkibindin okkar framleiðum við annarsvegar á Ítalíu úr silki frá Fermo Fossati og hinsvegar á Englandi úr silki frá Robert Keyte. Öll eru þau handsaumuð á gamla mátan og eru jafn vönduð og þau eru falleg. Þeir sem kjósa að gifta sig í smóking fá svo auðvitað slaufur hjá okkur.



SKÓR

Það er mikilvægt að huga að skóbúnaði fyrir stóran viðburð eins og brúðkaup. Skórnir þurfa að vera fallegir, vandaðir og fyrst og fremst þægilegir. Við framleiðum mikil úrval af spariskóm undir eigin merkjum á Spáni og kosta þeir allir 49.995 krónur.

ANNAÐ

Í verslun okkar eigum við svo auðvitað allt sem vantar upp á. Hvort sem það eru sparisokkarnir okkar sem við framleiðum í Lecce á Ítalíu, vasaklútarnir okkar frá Macclesfield á Englandi eða ermahnappasett fyrir smókingsskyrtur þá getur þú verið viss um að þú finnur það hjá okkur.

